

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXV. árgangur.

2. hefti.

1984

Föstudaginn 4. maí 1984.

Nr. 18/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Rósinkrans Kristjánssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1983. Er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 29.mars 1984.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara lægri viðurlaga en í héraðsdómi.

Í héraðsdómi greinir í reifun á framburði vitnisins Eiríks Hreins Helgasonar, að vitnið hafi mætt bifreið ákærða í Kömbum um kl. 1900 28. apríl 1982, en í framburðinum segir, að þetta hafi gerst „líklega upp úr sex.“

Eigi verður tekið mark á afturköllun ákærða á framburði hans fyrir lögreglu, enda renna viðbrögð hans og eiginkonu hans á vettvangi og svo vætti Þráins Guðmundssonar og lögreglumannanna, sem tóku skýrslu af ákærða á árekstrarstað, mjög stöðum undir, að sá framburður sé réttur. Við sakarmat skiptir eigi máli, að ákærði var leigubifreiðarstjóri, svo sem vikið er að í héraðsdómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm, þó svo, að vararefsing sektar verði 20 daga varðhald og frestur til greiðslu sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 6.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vara-refsing sektar verði 20 daga varðhald og greiðslufrestur 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Rósinkrans Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns 6.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 30. september 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. september sl. er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 22. júní 1983, á hendur Rósinkrans Kristjánssyni, Bylgjubýggð 7, Ólafsfirði, fæddum í Reykjavík 31. janúar 1933, fyrir að aka miðvikudaginn 28. apríl 1982 undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesi í Árnessýslu áleiðis til Reykjavíkur og aka á röngum vegarhelmingi á Suðurlandsvegi við Baldurshaga með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðar ákærða og bifreiðarinnar X-3886, sem ekið var austur Suðurlandsveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 45. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu, en til vara, að honum verði aðeins gerð vægasta refsing, er lög heimila, og þá eingöngu fésekt og verði þá höfð hliðsjón af heimild í lögum um skilorðsbindingu eða frestun á ákvörðun refsingar. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 28. apríl 1982 kl. 18.41 var lög-reglunni í Reykjavík tilkynnt um árekstur bifreiðanna R-4952 og X-3886 á Suðurlandsvegi við Baldurshaga.

Þarna hafði orðið allharður árekstur með bifreiðunum R-4952, sem var ekið vestur Suðurlandsveg, og X-3886, sem var ekið austur sama veg. Öku- maður bifreiðarinnar R-4952 kvaðst hafa ekið vestur Suðurlandsveg á ca 50 km hraða á klst. Hann kvaðst ekki geta sagt til um það, hvað olli því,

að bifreið hans fór yfir á öfugan vegarhelming, en kvaðst telja, að hann hafi litið augnablik af veginum framundan, þar sem hann hafi verið að ræða við eiginkonu sína, sem var farþegi í bifreiðinni.

Þegar hann hafi svo litið aftur fram, sagðist hann hafa séð bifreiðina X-3886 koma á móti og hafi hann þá strax ætlað að reyna að sveigja bifreið sinni til suðurs út af veginum og koma þannig í veg fyrir árekstur, en það ekki heppnast.

Ökumaður bifreiðarinnar X-3886 kvaðst hafa ekið austur Suðurlandsveg á ca 50 - 60 km hraða á klst. Þegar hann hafi verið að koma að Baldurs-haga, hafi hann veitt bifreiðinni R-4952 athygli, þar sem hún hafi komið á móti honum á öfugum vegarhelmingi. Þar sem honum hafi sýnst ökumaður bifreiðarinnar R-4952 reyna að sveigja bifreið sinni til suðurs, kvaðst hann hafa ákveðið að beygja undan til norðurs í von um að komast hjá árekstri, en það ekki tekist.

Sérstaklega aðspurður um það, hvort ákærði hafi ekið bifreiðinni R-4952, þegar áreksturinn varð, sagðist ökumaður X-3886 geta fullyrt, að svo var. Hann sagði, að strax eftir áreksturinn hafi hann farið út úr bifreið sinni og hafi þá ákærði verið kominn út úr bifreiðinni R-4952, og kvaðst hann þá muna það greinilega, að ökumannssæti bifreiðarinnar R-4952 hafi verið autt, en í hægra framsæti hennar hafi setið kvenmaður. Hann sagði einnig, að strax hafi ákærði farið þess á leit við hann að fá að gera tjónið upp sjálfur og að ekki yrði kölluð lögregla á staðinn.

Báðar bifreiðarnar voru óökufærar. Í lögregluskýrslu segir: „Þegar við ræddum við ökumann bifreiðarinnar R-4952, Rósinkrans Kristjánsson, fundum við talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Tekin var öndun-arprufa og sýndi hún III. stig.“

Var ákærði síðan færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu 113 og þar var fyrir Rúnar Guðmundsson aðalvarðstjóra, sem tók skýrslu varðstjóra. Hjá varðstjóra kvaðst ákærði hafa drukkið eitt glas af hvítvíni á veitingahúsinu Rán um kl. 12.00 þá fyrr um daginn, en ekkert eftir það. Hann kvaðst síðan hafa fengið sér far með öðrum aðilja austur í Grímsnes til að ná þangað í bifreið sína, R-4952, og eiginkonu. Frá Grímsnesi haf hann lagt af stað um kl. 18.00 og þá ekki fundið til neinna áfengisáhrifa og hafi ferðinni verið heitið heim til hans. Síðan var tekið blóðsýni úr ákærða, og reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1.54%. Samkvæmt skýrslu varðstjóra var útlit og önnur einkenni ákærða sem hér segir:

Áfengisþefur af andardrætti var talsverður. Andlit var rjótt. Fatnaður var snyrtilegur. Framkoma var kurteis. Augu voru vot. Jafnvægi var stöðugt. Málfar var skýrt og framburður greinargöður.

Vitnið Eiríkur Hreinn Helgason lögreglumaður, sem átti heima í íbúð fyrir neðan íbúð þá, sem ákærði bjó í að Engihjalla 19 í Kópavogi, gaf

sig fram og kvaðst hafa þurft að kalla á lögreglu þriðjudagskvöldið 27. apríl 1982 vegna hávaða frá íbúð ákærða, og kvað hann þá ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis. Daginn eftir, seinni part dags um kl. 19.00, kvaðst vitnið hafa verið á leið austur í embættiserindum og mætt á Kambabrun bifreiðinni R-4952 og þekkti ökumann bifreiðarinnar sem ákærða í máli þessu.

Með bréfi, dagsettu 30. apríl 1982, óskar Jón Oddsson hrl. fyrir hönd ákærða eftir því, að skýrslum lögreglunnar í Reykjavík verði breytt og hafi ákærði tjáð sér, að eiginkona sín hafi ekið bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesinu og til Reykjavíkur þann 28. apríl 1982 og lent í árekstri við Baldurshaga á Suðurlandsvegi við bifreiðina X-3886 um kl. 18.00 þann dag.

Er lögreglan kom á staðinn, hafi eiginkona ákærða verið undir stýri í bifreiðinni, en ákærði við bifreiðina. Hafi honum brugðið mjög við áreksturinn og verið auk þess mjög miður sín. Síðan segir í bréfi hæstaréttarlögmannsins:

„...hann telur að vegna þessa ástands síns muni hann sennilega við skýrslutöku hjá lögreglu skýrt svo frá, að hann hafi ekið umræddri bifreið.“ Síðan segir í bréfinu:

„Hinsvegar hringdi eiginkona umbjóðanda míns til varðstjóra og síðan til hr. Rúnars Guðmundssonar, varðstjóra og í þeim samtölum skýrt frá málavöxtum, er umbjóðandi minn var hjá lögreglunni við skýrslutöku. Lögreglan mun hins vegar ekki hafa séð ástæðu til að taka skýrslu af eigin konu umbjóðanda míns.“

Þann 15. júní 1982 gaf ákærði skýrslu hjá lögreglunni í Kópavogi og kvaðst þá ekki hafa ekið bifreiðinni R-4952 í greint sinn, heldur hafi kona hans ekið bifreiðinni. Hann kvaðst hafa sofíð í framsæti bifreiðarinnar, er áreksturinn varð. Þá segir ákærði í skýrslunni: „Um þá skýrslu, sem ég gaf lögreglunni á vettvangi, vil ég segja að hún sé tóm bull. Ég „sjokkeraðist“ á vettvangi og vissi ekkert hvað ég sagði eða gerði. Eftir áreksturinn geng ég út úr bifreiðinni, ekki man ég eftir að hafa átt orðaskipti við ökumann bifreiðarinnar X-3886 né konan mín, ég held að hún hafi ekki farið út úr bifreiðinni.“

Ákærði kvað Hilmar Karlsson, sem ók honum í Grímsnesið, hafa verið með þeim í samfloti til baka og ætti hann að vita, hver var ökumaður í umrætt sinn.

Vitnið Hilmar Karlsson gaf skýrslu hjá lögreglu í Kópavogi 2. júlí 1982. Hann segist hafa farið á undan ákærða og konu hans úr sumarbústað í Grímsnesi, þá segist hann hafa veitt því athygli í baksýnispegli bifreiðar sinnar, G-17312, að kona ákærða fór að hurð bifreiðar þeirrar bifreiðarstjóramegin og ákærði farþegamegin. Hann kveðst svo hafa veitt því athygli í baksýnispegli, að árekstur hafði orðið á móts við Baldurshaga á

Suðurlandsvegi, og snéri við bifreið sinni til að forvitnast um það og sá þá, að um bifreið ákærða var að ræða. Kvað hann hafa liðið í mesta lagi tvær til þrjár mínútur frá því árekstur varð og þar til hann kom á staðinn og hafi þá eiginkona ákærða setið undir stýri, en ákærði á gangi fyrir utan að skoða tjónið. Hann segist hafa lagt sinni bifreið hinum megin vegarins og fylgst með úr henni. Hann var spurður að því, hver hefði ekið bifreiðinni R-4952 í umrætt sinn. Kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það, en talið víst, að það væri eiginkona ákærða.

Þann 16. júlí 1982 kom eiginkona ákærða til lögreglunnar í Kópavogi til skýrslutöku. Þá kvaðst hún ekki vilja tjá sig neitt um málið strax, þar sem lögfræðingur ákærða væri í sumarleyfi. Hjá lögreglunni í Ólafsfirði gaf eiginkona ákærða svo skýrslu 13. desember 1982 og kvaðst þá hafa ekið bifreiðinni R-4952 úr Grímsnesinu til Reykjavíkur í umrætt sinn, þar til árekstur varð við Baldurshaga, en þá hafi eiginmaður sinn, ákærði í málinu, sofnað á öxl sér og hún hafi litið af veginum um stund, á meðan hún var að hagræða honum, en þá hafi bifreiðin leitað inn á öfugan vegarhelming.

Lögreglumenn þeir, sem komu á vettvang, svo og varðstjóri hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Vitnið Þráinn Guðmundsson, ökumaður bifreiðarinnar X-3886, hefur staðfest skýrslu þá, sem hann gaf hjá lögreglu fyrir dómi, en hann telur sig hafa séð, að ökumannssæti R-4952 var autt eftir áreksturinn og kona í framsæti farþegamegin, en ákærði hafi komið til sín. Hann segist hafa sagt þarna við ákærða, „hvort hann væri ekki klár á því, hvar hann ætti að vera á veginum, en ákærði þá sagt, að það væri ekki það, hann hlyti að hafa sofnað.“ Kvaðst hann vera fullviss um, að ákærði hefði ekið í umrætt sinn miðað við háttalag ákærða og orðaskipti, sem hann átti við ákærða, svo og tal samfylgdarmanna ákærða, sem voru í öðrum bíl.

Vitnið Svanhvít Kjartansdóttir, sem var farþegi í bifreiðinni X-3886, kveðst hafa fengið taugaáfall við áreksturinn og því ekki geta sagt um, hver var ökumaður R-4952 í umrætt sinn.

En maður, sem var í þeirri bifreið, hafi komið til þeirra og beðið eiginmann sinn að koma og tala við sig, og fóru þeir síðan afsíðis og ræddu saman.

Því er haldið fram af hálfu ákærða, að sýkna beri hann af öllum kröfum, þar sem hann hafi ekki ekið bifreiðinni R-4952 í umrætt sinn. Þá er bent á það, að lögreglumennirnir, sem unnu að rannsókn málsins á vettvangi og gáfu skýrslu fyrir dómi rösku ári síðar, beri ekki saman um það, hver sat undir stýri bifreiðarinnar R-4952, er þeir komu á vettvang. Enn fremur að ökumaður bifreiðarinnar X-3886 og eiginkona hans, sem var farþegi í

bifreiðinni, sáu heldur ekki, hver var ökumaður bifreiðarinnar R-4952, er áreksturinn varð í umrætt sinn.

Hins vegar eru teknar af ákærða skýrslur á vettvangi og hjá varðstjóra sem ökumanni bifreiðarinnar R-4952, og kemur ekkert fram um það, að ákærði hafi verið í sjokki eða svo miður sín, að ekki væri mark takandi á því, sem hann segði, enda ekki áberandi undir áhrifum áfengis samkvæmt framburðum vitna og skýrslu varðstjóra.

Varðstjóraskýrslurnar hefur ákærði undirritað, en þar svarar hann játandi spurningum um, að hann hafi verið að aka bifreiðinni R-4952 austan úr Grímsnesi og til Reykjavíkur, en ekki fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Hafa bæði varðstjóri og vottur staðfest skýrslu þessa og urðu ekki varir við neitt óeðlilegt, sbr. lýsingu varðstjóra um útlit og önnur einkenni ákærða. Þá ber að hafa í huga, að ákærði var þarna leigubifreiðarstjóri, sbr. og sakavottorð ákærða.

Verður því að hafna sýknukröfu ákærða og varakröfu og telja sannað með niðurstöðu alkóhólranssóknar, varðstjóra og lögregluskýrslum, að hann hafi gerst sekur um brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæru-skjali og eru þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1949 18/8 í Reykjavík: Kærður fyrir fjársvik. Saksókn féll niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18/8. 1949, en háður eftirliti barnaverndarnefndar til 20 ára aldurs.
- 1953 24/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisлага.
- 1956 28/1 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuð, fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
- 1957 13/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1957 30/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna færi.
- 1958 6/5 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólögl. bifr. stæði.
- 1965 1/7 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarлага.
- 1965 25/10 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umfl.
- 1966 8/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.
- 1967 14/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 50. gr. umfl.
- 1967 27/6 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umfl.
- 1969 17/10 í Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á 18., 19., 39. og 42. gr. áfengisлага.
- 1969 8/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarлага.

- 1972 6/1 í Reykjavík: Sátt, 154.000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. og 19. gr. áfengisлага.
- 1977 4/10 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir brot gegn 247. gr. hgl.

Með hliðsjón af sakavottorði ákærða, sbr. 80 gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög 54, 1976, telst hæfilegt að dæma ákærða til að greiða 15.000.- króna sekt í ríkissjóð innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja, ella komi til varðhald í 25 daga.

Þá ber að dæma ákærða í 16 mánaða ökuréttindasviptingu frá dómsbirtingu að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 6.000.-.

Dóm þenna kvað upp Barði Þórhallsson bæjarfógeti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Rósinkrans Kristjánsson, greiði kr. 15.000.- í sekt til ríkissjóðs inna 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 16 mánuði frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 6.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.